



Skógfræðingafélag Íslands er faglegt hagsmunafélag sem hefur það að meginmarkmiði að vera:
a) málsvari skógfræðinga, b) efla samheldni og stuðla að bættri faglegri, fjárhagslegri og félagslegri
aðstöðu þeirra og c) upplýsa aðra um menntun, færni og þekkingu skógfræðinga og vekja með því
áhuga á starfsvettvangi þeirra.

Reykjavík, 30. nóvember 2011

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
nefndasvid@althingi.is,
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 140/576
komudagur 1.12.2011

Erindi: Umsögn Skógfræðingafélags Íslands um frumvarp til laga um náttúruvernd (akstur utan vega o.fl.), 225. mál.

Stjórn Skógfræðingafélags Íslands hefur farið yfir ofangreint frumvarp og tekur út í ystu æsar undir allar athugasemdir Skógræktar ríkisins (Þröstur Eysteinnsson, 28.11.2011¹).

Athugasemdir við skilgreiningar, 1. gr.

Í 1. lið eru *framandi lífverur* skilgreindar sem *Dýr, plöntur, sveppir og örverur sem ekki koma náttúrulega fyrir í vistkerfum landsins. Lagt til að þessi skilgreining falli niður.*

Rök: sömu og koma fram í umsögn Skógræktar ríkisins.

Athugasemdir við 3. gr.

Einu fyrirbæri er bætt við listann samanborið við núgildandi lög, þ.e.:

e. birkiskógar sem einkennast af náttúrulegri nýliðun og aldursdreifingu, þar sem eru m.a. gömul tré og þar sem vex dæmigerður botngróður birkiskóga, sem og leifar þeirra.

Lagt er til að þessi liður falli niður.

Rök: Skógar (náttúrlegir birkiskógar, ræktaðir birkiskógar, ræktaðir skógar annarra tegunda) gegn fjölþættu vistfræðilegu þjónustuhlutverki, ekki aðeins til náttúruverndar. Lýsingin að ofan („*e. birkiskógar sem einkennast af..*“) gæti átt við um alla birkiskóga og birkikjör landsins sem víða eru í örri framför og aukinni útbreiðslu. Í skógræktarlögum (nr. 3/ 1955) eru nú þegar ákvæði til verndar birkiskógum og skógarleifum, og eru þau bæði ítarlegri og ganga lengra en þau sem hér eru lögð til. Að bæta birkiskógum við 37. gr. náttúruverndarlaga leiðir því ekki til aukinnar verndar þeirra, heldur aðeins til

¹ <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=140&malnr=225&dbnr=524&nefnd=us>

Þess að lagalegt flækjustig og kostnaður samfélagsins eykst. Önnur rök: þau sömu og í umsögn Skógræktar ríkisins.

Athugasemdir við 7. gr.

1. töluliður

Lagt er til að töluliðir 1. b. og c. falli niður.


2. töluliður

Í 2. Tölulið stendur: *Lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum: A-liður iii. liðar 2. tölul. 3. viðauka við lög in orðast svo: friðlýstra náttúruminja og svæða sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd, þar á meðal svæða á náttúruminjaskrá og náttúruverndaráætlun, og náttúrufyrirbæra sem falla undir ákvæði 37. gr. laganna.*

Lagt er til að liðurinn verði sem hér segir: *Lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum: A-liður iii. liðar 2. tölul. 3. viðauka við lög in orðast svo: friðlýstra náttúruminja og svæða sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd, þar á meðal náttúrufyrirbæri sem falla undir ákvæði 37. gr. laganna.*

Rök: sömu og koma fram í umsögn Skógræktar ríkisins.

Með góðum skógræktarkveðjum
F.h. stjórnar Skógfræðingafélags Íslands



Dr. Aðalsteinn Sigurgeirsson, skógfræðingur og erfðafræðingur,
formaður Skógfræðingafélags Íslands
Logalandi 7, 108 Reykjavík